

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 27. nóvember 2017
UST201710-059/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hornafjarðar - breyting - iðnaður - verslun- og þjónustusvæði

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingarnar felast í því að landbúnaðarland er skilgreint sem svæði fyrir iðnað á 5 ha svæði, vegna virkjunar í Birnudal.

Virkjun í Birnudal

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að byggja vatnsaflsvirkjun allt að 950 kW í Birnudal. Áætlað er að reisa rennslisvirkjun án miðlunarlóns.

Í greinargerð kemur fram að lýsing ofangreindrar áætlunar hafi verið send til umsagnar og vísað er til þess að Umhverfisstofnun hafi ekki talið líklegt að verndargildi svæðisins verði fyrir áhrifum út frá fyrirliggjandi gögnum. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt, stofnunin benti á mikilvægi þess að lög um náttúruvernd verði höfð til hliðsjónar við alla áætlanagerð og að mikilvægt sé að áætluð framkvæmd hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá. Sjá hér fyrir neðan:

Í lýsingu er gerð tillaga um að breyta landbúnaðarlandi í Birnudal í iðnaðarsvæði og reisa á iðnaðarsvæðinu vatnsaflsvirkjun allt að 2 MW. Eins og fram kemur í ofangreindri lýsingu er áætluð framkvæmd tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lög um náttúruvernd verði höfð til hliðsjónar við alla áætlanagerð. Einnig minnir stofnunin á mikilvægi þess að áætluð framkvæmd hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæði nr. 632 á náttúruminjaskrá, en verndargildi svæðisins felst í jarðminjum og stórbrotnu landslagi. Í skránni segir um svæðið: 632. *Skálafellsjökull og fjallendi í Suðursveit, Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (1008 m hæðarpunktur), þaðan í Kistugil, um Bæjarhliðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svinadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnulungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.*



Áætluð framkvæmd


Í greinargerð kemur fram að inntaksmannvirki verður í Birnudal í um 430 m hæð yfir sjávarmáli. Einnig kemur fram að önnur kvísl Birnudalsár verður stífluð með 2,5 m hárrí steinsteyptri stíflu og að lögð verður u.þ.b. 1800 m löng þrýstípa að stöðvarhúsinu sem verður niðurgráfin. Inntakið er áætlað 380 m ofan við stöðvarhúsið sem verður 70 m² og grafið inn í hlíðina að hluta. Einnig kemur fram að gerður verði vegslóði frá stöðvarhúsi að inntaksmannvirki og verður slóðinn að mestu samhliða fallpípunni.


Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að settir verði sér skilmálar í deiliskipulag fyrir svæðið um frágang og uppgræðslu. Umhverfisstofnun tekur einnig undir það að áhrif á ásýnd og landslag sé að miklu leyti háð útfærslu og frágangi við verkið, en 2,5 m há steinsteyppt stífla mun skera sig úr umhverfinu.

Ofangreind framkvæmd er áætluð á svæði nr. 632 á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif framkvæmdarinnar háð því hvernig staðið verði að henni. Mikilvægt er að forðast verði allt óþarfa rask, framkvæmdir verði felldar að umhverfinu eins og kostur er og að staðargróður verði nýttur við uppgræðslu að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur